



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Rekstur félagsmiðstöðvar að Hraunbæ 105*

Í mars 2016 var samþykktur samningur til eins árs um rekstur félagsmiðstöðvarinnar að Hraunbæ 105 sem áður var rekin af Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.

Frá þeim tíma hefur frístundamiðstöðin Ársel séð um reksturinn og var samningurinn endurnýjaður 1. febrúar 2017 og gildistími til 30. júní 2018.

Eins og kveðið er á um í samningnum hefur verkefnisstjórn fundað reglulega um málefni starfseminnar.

Í verkefnisstjórn eru; umsjónarmaður Hraunbæjar 105, framkvæmdastjóri Ársels, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, skrifstofustjóri frístundamála hjá SFS og fulltrúi notendaráðs úr félagsstarfinu í Hraunbæ 105. Ræddar hafa verið ýmsar leiðir til nýjunga í starfinu, hvaða leiðir skulu farnar til að hafa áhrif á jákvætt viðhorf til starfsins og koma á aukinni sjálfbærni. Tvær viðhorfsskannanir hafa verið lagðar fyrir notendur félagsstarfsins í Hraunbæ 105 árið 2016 og vorönn 2018. Helstu niðurstöður frá vori 2018 eru að helmingur svarenda segist vera mjög ánægður með félagsstarfið, og þriðjungur segist vera frekar ánægður með starfið. Enginn er óánægður með starfið. Þetta er nokkru betri niðurstaða en árið 2016.

Eitt af markmiðum í starfseminni er að efla frumkvæði notenda en í viðhorfsskönnun má sjá að takmarkaður áhugi er hjá notendum að koma að skipulagi félagsstarfsins en jákvæðni gagnvart því er þó meiri núna en hún var árið 2016. Almennu voru þátttakendur ánægðir með félagsstarfið og vona að það eflist, þeim líður vel í því, segja andann góðan og að í starfinu felist mikilvægur félagsskapur. Þá er stjórnendum hrósað fyrir frumkvæði og að taka vel á móti eldri borgurinum. Sjá nánar um niðurstöður viðhorfsskönnunar í fylgiskjali.

Framkvæmdastjóri Ársels og umsjónamaður starfsins hafa fundað reglulega á samningstímanum um félagsstarfið. Eftir samtöl við umsjónarmann starfsins og umræður í verkefnisstjórninni þá er það niðurstaða allra aðila sem að málinu koma að leggja til að rekstur félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæjar 105 fari aftur undir rekstur þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar ÞÁG hélt fund með stórum hópi notenda þar sem kynntar voru hugmyndir um að færa félagsstarfið aftur undir þjónustumiðstöðina og á þeim fundi komu ekki athugasemdir við breytinguna. Það er mat verkefnisstjórnarinnar að mikilvægt hafi verið að gera tilraun til að reka saman undir einum hatti félagsstarf fyrir allan aldur en eftir tæplega þrjú ár þá er það niðurstaðan að þau samlegðaráhrif sem lagt var upp með varðandi samrekstur frístundamiðstöðvarinnar Ársels og Hraunbæjar 105 hafa ekki verið þær

viðbætur við starfið sem vonast var eftir. Félagsstarfið í Hraunbæ 105 mun áfram byggja þeim góðu tengslum sem skapast hafa og um leið auka allt samstarf við aðila innan hverfanna sem bjóða upp á félagsstarf fyrir eldri borgara. Eldri borgarar eru fyrst og fremst þeir sem koma í félagsstarfið og í hádegismat.

Það er niðurstaða frístundamiðstöðvarinnar Ársels að það þurfi að auka við mönnun í félagsstarfinu Hraunbæ 105 þannig að hægt verði að þróa starfið áfram með sjálfbærni að leiðarljósi.

Meðfylgjandi eru gögn um málefnið:

Samningur frá 2016– Félagsstarf Hraunbæ 105

Samningur frá 2017- Félagsstarf Hraunbæ 105

Viðhorfskönnun meðal notenda frá 2016 og 2018

## Um könnunina


Könnun um viðhorf notenda félagsstarfs Hraunbæjar 105 var gerð að beiðni umsjónaaðila félagsstarfsins. Könnunin var lögð fyrir þá sem sóttu félagsstarfið og hádegismat dagana 12. febrúar, 13. febrúar, 1. mars og 6. mars. Alls tóku 30 einstaklingar þátt í könnuninni, 20 konur og 10 karlar. Af hópnum svöruðu 29 á hvaða aldri þeir eru. Rúm 60% eru á aldrinum 78-89 ára (eldri hópur) og tæp 40% á aldrinum 66-77 árs (yngri hópur). Langflestir svarenda eða 87% búa í póstnúmeri 110 í Reykjavík.

Könnunin var lögð fyrir af tveimur starfsmönnum skóla- og frístundasviðs og svöruðu þátttakendur könnuninni á spjaldtölvur, í einhverjum tilvikum með hjálp starfsmannanna tveggja.

## Niðurstöður

### Viðburðir

Helmingur svarenda segist vera *mjög ánægður* með félagsstarfið eins og sést á mynd 1 og þriðjungur segist vera *frekar ánægður* með starfið. Enginn er *óánægður* með starfið. Þetta er nokkru betri niðurstaða en árið 2016 en þá voru um fjórðungur *mjög ánægður* með starfið en þá voru samtals 14% svarenda *frekar* eða *mjög óánægðir* með starfið. Konurnar eru að meðaltali ánægðari en karlarnir með félagsstarfið en munurinn er lítill og ekki marktækur. Þá er yngri hópurinn aðeins ánægðari en eldri hópurinn en munurinn er lítill og ekki marktækur.




Spurt var hvaða viðburði þátttakendur höfðu sótt í vetur. Þeir viðburðir sem flestir nefndu eru *hádegismatur* (43%) og *yoga* (40%) eins og sjá má á mynd 2<sup>1</sup>. Fæstir nefndu *útskurð* (7%). Miðað við árið 2016 hafa svarendur núna aukið að sækja *yoga* og *aðra viðburði* (í könnuninni var ekki spurt um hvaða aðra viðburði svarendur hefðu sótt) en síður sótt *hádegismat* og *bingó*. Af þeim sem svöruðu könnuninni nú höfðu bara konur en engir karlar sótt *handavinnu*, *þrjónaklúbb*, *yoga* og *ferðir*. Lítil

<sup>1</sup> Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.


munur er á aldurshópunum tveimur hvað viðburði varðar nema að yngri hópurinn sækir *handavinnu* áberandi betur en eldri hópurinn en eldri hópurinn mætir betur í *hádegismat* miðað við yngri hópinn.

Mynd 2. Hvaða viðburði í félagslífinu hefur þú sótt í vetur?




Spurt var hversu oft hádegismatur og/eða viðburðir í félagsstarfinu væru sóttir. Á mynd 3 sést að fleiri sækja nú *daglega* hádegismat en var árið 2016 en álíka stór hópur sækir hádegismat *aldrei* og var fyrir tveimur árum. Karlar mæta betur í hádegismat en konur, um 70% karlanna mæta *alltaf* í hádegismat en 37% kvennanna mæta *aldrei*. Eldri hópurinn sækir hádegismatinn betur en yngri hópurinn.

Mynd 3. Hversu oft í viku telur þú að þú mætir í hádegismat?



Algengast er að svarendur mæti 3-4 sinnum í mánuði á viðburði á félagsstarfinu eins og sést á mynd 4. Mjög lítill munur er á niðurstöðum kannananna tveggja hvað viðburðamætingu varðar en athyglisvert að fleiri segjast *aldrei* mæta nú miðað við árið 2016. Konur mæta áberandi betur en karlar á viðburði og er munurinn marktækur. Helmingur karlanna mætir *aldrei* á viðburði í félagsstarfinu. Nánast enginn munur er á aldurshópunum tveimur þegar viðburðamætingin er skoðuð.

Mynd 4. Hversu oft í viku telur þú að þú mætir á viðburði í félagsstarfinu?




*Dagsferðir, bingó og yoga* eru þeir viðburðir sem svarendur vilja helst mæta á eins og mynd 5<sup>2</sup> sýnir<sup>3</sup>. Í nokkrum viðburðum virðist áhuginn nokkuð minni nú en hann var árið 2016, þetta á sérstaklega við um *aðra viðburði og félagsvist*. Á móti kemur að áhugi á öðrum viðburðum hefur aukist lítillega, t.d. á *bochia og snjalltækjakennslu*. Bara konur nefndu *handavinnu og prjónaklúbb* en helsti munurinn á aldurshópunum tveimur er að yngri hópurinn hefur áberandi meiri áhuga en sá eldri á handavinnu. Hægt var að koma með tillögur af öðrum viðburðum og nefndu svarendur þá *leiklistarklúbb, dans, myndlist, frjálsan prjónaklúbb (baðstofuhjal), þorrablót og skák*.

<sup>2</sup> Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

<sup>3</sup> Árið 2016 var ekki spurt um bridge.


Mynd 5. Hvaða viðburði hefur þú áhuga að mæta á?



### Frumkvæði


Takmarkaður áhugi er hjá svarendum að halda utan um hópastarf, námskeið og/eða (einstaka) viðburði. Um 17-18% telja það *mjög* eða *frekar líklegt* að þau myndu halda utan um hópastarf, námskeið og/eða (einstaka) viðburði. Langflestir telja hinsvegar það *mjög ólíklegt* að þeir halda utan um slíkt starf eins og sést á mynd 6. Hópurinn er þó jákvæðari gagnvart því að taka að sér þessi verkefni miðað við svörin frá 2016. Lítil munur er á kynjunum í spurningunum þremur og á milli aldurshópanna.

Mynd 6. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú tækir þátt í eftirfarandi ef það stæði til boða?



Lítill áhugi er hjá hópi eldri borgara að koma að skipulagi félagsstarfsins en jákvæðni gagnvart því er þó meiri núna en hún var árið 2016 eins og mynd 7 ber með sér. Tæpur fjórðungur hefur *mjög mikinn* eða *frekar mikinn* áhuga núna sem er aukning frá því fyrir tveimur árum og færri segjast hafa *frekar lítinn* eða *mjög lítinn* áhuga á því að koma að skipulagi félagsstarfsins. Lítill munur er á kynjunum og aldurshópunum í spurningunni.

Mynd 7. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að koma að skipulagi félagsstarfsins?




## Áhrif

Rúm 40% svarenda eru með tillögur eða hugmyndir fyrir félagsstarfið sem það væri til í að fylgja eftir. Hér var nefnt að koma á *þrjónaklúbbi, dansa gömlu dansana, hafa kvöldvökur þar sem syngja mætti og dansa, hafa sögustund, lesa dagblöð og spjalla saman um fréttirnar til að efla rökhugsun, púsla, ráða krossgátur saman, fara í ferðalög, hafa óperukvöld, auka handavinnu, hafa bókaupplestur, stofna skákklúbb, auka gleði og passa uppá matarofnæmi vegna hádegismats.*


Tæpur fjórðungur eldri borgara finnst þeir hafa *mjög* eða *frekar mikil* áhrif á félagsstarfið og er hlutfallið nánast það saman og fyrir tveimur árum. Hópurinn sem finnst hann hafa *frekar* eða *mjög lítil* áhrif hefur hinsvegar minnkað á milli mælinga eins og mynd 8 sýnir. Lítil munur er á kynjunum og aldurshópnum.

Mynd 8. Hversu mikil eða lítil áhrif finnst þér þú hafa á félagsstarfið?



Eldri borgurum finnst meira hlustað á sínar athugasemdir eða hugmyndir sem það hefur komið á framfæri við starfsfólkið núna, miðað við fyrir tveimur árum eins og sjá má á mynd 9. Ef hópurinn sem *aldrei hefur komið athugasemdum eða hugmyndum á framfæri* er tekin út, þá finnst 72% hópsins núna *mikið* hlustað á sig miðað við um 23% árið 2016. Vegna þess hversu fáar karlar svöruðu spurningunni er erfitt að bera saman kynin hér en eldri hópnum finnst heilt yfir meira hlustað á sig en yngri hópnum.

Mynd 9. Hversu mikið eða lítið hefur verið hlustað á athugasemdir eða hugmyndir sem þú hefur komið á framfæri við starfsfólkið?






## Annað

Langalgengast er að svaraendur sjái félagsstarfið og viðburði auglýsta á *auglýsingatöflu* eins og mynd 10 sýnir<sup>4</sup>. Lítil munur er á kynjum og aldurshópnum.

Mynd 10. Hvar sérð þú félagsstarfið og viðburði auglýsta?



Að lokum bauðst þátttakendum að koma á framfæri því sem það vildi varðandi félagsstarfið. Almennt voru þátttakendur ánægðir með félagsstarfið og vona að það eflist, því líður vel í því, segja andann góðan og að í starfinu felist mikilvægur félagsskapur. Þá er stjórnendum hrósað fyrir frumkvæði og að taka vel á móti eldri borgurunum. Ánægja kom fram varðandi að fá klippingu og fótisnyrtingu á staðnum, gott væri að borða á staðnum og að laufabrauðsskurður væri skemmtilegur. Tekið var fram að betur mætti auglýsa félagsstarfið, t.d. í Fréttablaðinu. Bent var á að þúttvöllur væri orðinn lélegur, að taka mætti upp söng sem hefði verið á fimmtudögum og gott væri að hafa leiðbeinanda eftir hádegi til að kenna þátttakendum eitthvað því þá væri mæting betri. Einnig höfðu eldri borgarar orð á því að of fá bílastæði væru við félagsmiðstöðina og að snjómokstri við hana væri ábótavant.

<sup>4</sup> Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

## Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og velferðasvið Reykjavíkurborgar gera með sér eftirfarandi samkomulag um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Hraunbæ 105.

### 1.gr. Inntak samnings

Í samningi þessum felst að skóla- og frístundasvið tekur að sér og felur Frístundamiðstöðinni Árseli f.h. sína hönd að annast rekstur félagsmiðstöðvar í húsnæði velferðarsviðs að Hraunbæ 105, Reykjavík.

Markmið félagsstarfsins er:

- Að þátttakendur taki meiri þátt í mótun og framþróun starfsins, sem er m.a. liður í því að rækta mannauðinn og auka virkni og valfrelsi þátttakenda í félagsstarfi.
- Aukin áhersla á sjálfstýrt og sjálfbært félagsstarf.
- Að íþróttaiðkun og hvers konar líkamsþjálfun verði ríkur þáttur starfsins.
- Að fræðsla verði eflað í samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki.
- Að rækta félagsauð samfélagsins með auknum áherslum á samveru fólks á öllum aldri og fjölbreytileika mannlífsins.
- Fjölbreytilegt, opið og aðgengilegt starf sem býður upp á aukið samstarf milli ólíkra stofnana og aðila.

### 2. gr. Umsjón og framkvæmd

Skóla- og frístundasvið hefur falið Frístundamiðstöðinni Árseli að hafa umsjón með verkefninu, þ.á.m. að ráða umsjónarmann félagsstarfsins, í samráði við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Næsti yfirmaður umsjónarmanns er framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar Ársels.

Hlutverk umsjónarmanns er að bera ábyrgð á daglegu starfi félagsstarfsins, annast innkaup fyrir félagsmiðstöðina auk umsjónar með ráðningum og verkstjórn starfsmanna.

Frístundamiðstöðin Ársel annast framkvæmd og fjárreiður verkefnisins og ábyrgist að verkefnið rúmist innan fjárhagsáætlunar, sbr. fylgiskjal 1.

### 3.gr. Verkefnastjórn

Samningsaðilar skipa verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Ársels auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs, einnig fulltrúi frá notendaráði.

Hlutverk verkefnastjórnar er að framfylgja samningi þessum, fylgjast með starfinu og þróa áherslur þess.

Framkvæmdastjóri Ársels kallar verkefnisstjórnina saman til samráðs eftir þörfum, þó að lágmarki þrisvar sinnum á samningstímanum.

4.gr.

#### Framlög sammingsaðila

Velferðarsvið leggur til húsnaði fyrir félagsmiðstöðina að Hraunbæ 105, Reykjavík og greiðir allan tilfallandi rekstrarkostnað svo sem rafmagn og hita.

Skóla- og frístundasvið ábyrgist að félagsmiðstöðin verði mönnuð með eftirfarandi hætti:

- Umsjónarmaður félagsstarfs í 100% stöðugildi
- Virknifulltrúi í 60% stöðugildi
- Starfsmaður í móttökueldhúsi í 80% stöðugildi
- Ræsting.

Framangreindir starfsmenn, sem verða starfsmenn Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, verða kostaðir af velferðarsviði Reykjavíkur sem greiðir kostnaðinn til skóla- og frístundasviðs.

5. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2016 til 30. júní 2017 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar sammingsins skulu hafa tekið ákvörðun um framhald verkefnisins fyrir 1. apríl 2017.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
F.h. skóla- og frístundasviðs

\_\_\_\_\_  
F.h. velferðarsviðs

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Fylgiskjal 1 : Fjárhagsáætlun Félagsmiðstöðvar aldraðra, Hraunbæ 105.

## Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og velferðasvið Reykjavíkurborgar gera með sér eftirfarandi samkomulag um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Hraunbæ 105.

### 1.gr. Inntak samnings

Í samningi þessum felst að skóla- og frístundasvið tekur að sér og felur Frístundamiðstöðinni Árseli fyrir sína hönd að annast rekstur félagsmiðstöðvar í húsnæði velferðarsviðs að Hraunbæ 105, Reykjavík.

Markmið félagsstarfsins er:

- Að þátttakendur taki meiri þátt í mótun og framþróun starfsins, sem er m.a. liður í því að rækta mannauðinn og auka virkni og valfrelsi þátttakenda í félagsstarfi.
- Aukin áhersla á sjálfstýrt og sjálfbært félagsstarf.
- Að íþróttaiðkun og hvers konar líkamsþjálfun verði ríkur þáttur starfsins.
- Að fræðsla verði eflað í samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki.
- Að rækta félagsauð samfélagsins með auknum áherslum á samveru fólks á öllum aldri og fjölbreytileika mannlífsins.
- Fjölbreytilegt, opið og aðgengilegt starf sem býður upp á aukið samstarf milli ólíkra stofnana og aðila.

### 2. gr. Umsjón og framkvæmd

Skóla- og frístundasvið hefur falið Frístundamiðstöðinni Árseli að hafa umsjón með verkefninu, þ.á.m. að ráða umsjónarmann félagsstarfsins, í samráði við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Næsti yfirmaður umsjónarmanns er framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar Ársels.

Hlutverk umsjónarmanns er að bera ábyrgð á daglegu starfi félagsstarfsins, annast innkaup fyrir félagsmiðstöðina auk umsjónar með ráðningum og verkstjórn starfsmanna.

Frístundamiðstöðin Ársel annast framkvæmd og fjárreiður verkefnisins og ábyrgist að verkefnið rúmist innan fjárhagsáætlunar, sbr. fylgiskjal 1.

### 3.gr. Verkefnastjórn

Samningsaðilar skipa verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Ársels auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk verkefnastjórnar er að framfylgja samningi þessum, fylgjast með starfinu og þróa áherslur þess.

Framkvæmdastjóri Ársels kallar verkefnisstjórnina saman til samráðs eftir þörfum, þó að lágmarki þrisvar sinnum á samningstímanum.

4.gr.

Framlög samningsaðila

Velferðarsvið leggur til húsnaði fyrir félagsmiðstöðina að Hraunbæ 105, Reykjavík og greiðir allan tilfallandi rekstrarkostnað svo sem rafmagn og hita.

Skóla- og frístundasvið ábyrgist að félagsmiðstöðin verði mönnuð með eftirfarandi hætti:

- Umsjónarmaður félagsstarfs í 100% stöðugildi
- Virknifulltrúi/frístundaráðgjafi í 80% stöðugildi
- Starfsmaður í móttökueldhúsi í 25% stöðugildi
- Ræsting.

Framangreindir starfsmenn, sem verða starfsmenn Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, verða kostaðir af velferðarsviði Reykjavíkur sem greiðir kostnaðinn til skóla- og frístundasviðs.

Framangreindir starfsmenn, sem verða starfsmenn Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, verða kostaðir af velferðarsviði Reykjavíkur sem greiðir kostnaðinn til skóla- og frístundasviðs.

5. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2017 til 30. júní 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar samningsins skulu hafa tekið ákvörðun um framhald verkefnisins fyrir 1. apríl 2018. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
F.h. skóla- og frístundasviðs

\_\_\_\_\_  
F.h. velferðarsviðs

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Fylgiskjal 1 : Fjárhagsáætlun Félagsmiðstöðvar aldraðra, Hraunbæ 105.